

Hér hlutu því verðlaun þeir Sigurður Jónsson og Ólafur Gíslason.

9. *Blindkeppni*. Þann 25. sept. háðu 16 kylfingar blindkeppni, er lyktaði þannig, að þau urðu blindust, Anna Kristjánsdóttir og Helgi H. Eiríksson, og fengu þau 1. og 2. verðlaun. 6 holur voru dregnar út, nr. 1, 4, 5, 13, 14 og 18. Í þessari keppni lék Magnús Kjaran svo vel, að hann hafði 62 högg stýfð, á velli með par 70, og er það met í keppni í sumar. En óheppinn hefir hann verið með blind-dráttinn, úr því hann náði ekki í verðlaun kappleiksins. Á hinn bóginn þótti rétt að ákveða honum sérstök verðlaun fyrir frammistöðuna.

10. *Fjórleikur*, 9. október. Þátttakendur voru 28, þrátt fyrir hálfgerð illyrmisveður. Úrslit urðu þau, að tvennir keppendur urðu jafnir og réði því hlutkesti hverjir fengu fyrstu verðlaun. Urðu það þeir Ásgrímur Sigfússon og Rube Arneson, en þeir Hallgrímur F. Hallgrímsson og Magnús Víglundsson fengu 2. verðlaun.

11. *Bændaglíma* ársins var háð 16. okt. Var orsök hennar sú, að Hallgrímur F. Hallgrímsson frá Shell þóttist hafa borðið skarðan hlut úr viðureign sinni við Helga Eiríksson, frá Banko, í meistarakeppninni. Safnaði hann því liði, öllum þeim kylfingum er hann náði til, og stefndi þeim til Skálafjalls umræddan dag. Síðan skoraði hann á Helga til orrustu og skyldu þeir skifta jafnt liði. Skyldi hlutkesti ráða fyrsta vali en eftir það kusu þeir sér kylfinga til skiftis. Urðu þátttakendur 32, 16 í hvoru liði. Hófst nú orrusta og urðu tvær og voru háðar af fullum drengskap af allra hálfu. Var barist í 6 hrotum í hverri orrustu og mörg högg slegin í hverri hrotu, og skyldu færri vera til úrslita. Gekk nú svo lengi dags, að ekki mátti í milli sjá og svall mönnum móður. Jók það mjög á kapp manna, að valkyrjur margar og fagrar voru með í bardaganum og skutu brúnabogum, er þeim þótti miður að verið. Er áliðið var dags, lauk orrustunum með því, að Bankistar báru sigur úr bítum, og lustu þeir upp sigurópi miklu, en Shellistar sátu hnípnir og nutu þeirrar huggunar, er fyrir hendi varð.